

Frú Þórunn Siemsen.

Þ. 18. þ. m. andaðist í Landakotssjúkrahúsi frú Þórunn Siemsen, 77 ára að aldri, eftir rúmlega viku legu. Var hún flutt þangað 10. apríl, á afmælisdegi sínum, en hafði um mörg ár átt við vanheilsu að stríða.

Þórunn Siemsen var dóttir Árna Thorsteinson landfógeta og Soffiu konu hans, dóttur Hannesar Steingrímssonar biskups. Þeir Árnir landfógeti og Steingrímur skáld voru sem kunnugt er albræður, synir Bjarna amtmanns Þorsteinssonar, bróður Jóns prófests Steingrímssonar, en kona Bjarna og móðir þeirra bræðra var Þórunn Hannesdóttir, Finnssonar biskups í Skálholti.

Þórunn ólst upp á heimili þar sem höfðingsbragur var á öllu, og við hið mesta ástríki, þar sem fóplist og aðrar fagrar menntir voru í hávegum hafðar, blómarrækt og trjáa stunduð í ununar skyni, og af ástúð mætti vel segja. Var heimili hennar í húsi því (landfógetahúsinu), þar sem nú er Hressingarskálinn, og var garðurinn þar fyrir sunnan jafnan mesta bæjarprýði.

Þórunn fór utan er hún var ung stúlka, og eftir heimkomuna gerðist hún leikfímiskennari við Kvennaskólann og kenndi þar leikfími í tvö ár, 1884—1886. Árið 1887 giftist hún Franz Siemsen, þáverandi sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Var hjónaband þeirra hið farsælasta. Mann sinn missti hún 1925. Börn þeirra eru: Árni, stórkaupmaður í Lübeck, Sigríður, kona Páls læstaréttardómara, Soffia, kona Magnúsar Kjarans stórkaupmanns, og Theodór, kaupmaður í Reykjavík.

Eg þekkti Þórunni Siemsen frá blautu barnsbeini og mest og bezt á æskuárum, og átti margar ánægjustundir á hinu góða heimili hennar, og jafnan þar, í föðurhúsum hennar eða föðurhúsum mínum, þar sem slíkar samverustundir voru, ein-kenndi alltaf framkomu þessar-

ar brosmildu, góðu konu framúrskarandi hlýja og góðvild. — Þórunn Siemsen var fögur kona, hið ytra og innra, ættrækin og trygg, eins og hún átti kyn til. Blessuð veri minning hennar.

A. Th.

Skákþingið.

Fyrsta umferð í keppni landsliðs skákanna fór fram í fyrradag.

Leikar fóru þannig, að Ásmundur Ásgeirsson vann Eggert Gilfer, Baldur Möller vann Sigrúð Gissurarson, Árni Snævarr vann Magnús G. Jónsson og Hafstein Gíslason vann Steingrím Guðmundsson.

Í meistaraflokki fóru svo leikar sem hér segir: Guðm. S.

Guðmundsson vann Aðalstein Halldórsson og Kristján Sylv-eriusson vann Pétur Guðmundsson.

Næsta umferð verður teft í kvöld.

Stúlka

getur fengið atvinnu við snyrtivöruverzlun. Þarf að hafa þekkingu á vörum og geta umið nokkurnveginn sjálfstætt. Tilboð með upplýsingum um menntun, ásamt mynd, sem verður endursend, óskast send blaðinu fyrir næstkomandi mánaðamót, merkt: „Snyrtivöruverzlun — 524“.

Duglegur karlmaður

getur fengið fasta atvinnu við að halda hreinum vinnustofum Ísafoldarprentsmiðju. — Upplýsingar í skrifstofu prentsmiðjunnar.

Sumargistihúsið Laugum

S. Þing. starfar frá 20. júní til 1. sept. n. k. — Veitingar, gisting og dvöl um lengri eða skemmri tíma. Upplýsingar hjá Gunnlaugi Magnússyni, Tóbaks-einkasölu ríkisins, Reykjavík og Laugum, símastöð, Breiðumýri.

Áskell Jónsson.

Birgðakönnun.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 59, 7. maí 1940, um breytingu á lögum nr. 37, 12. júní 1939, hefir viðskiptamálaráðuneytið ákveðið að birgðakönnun skuli fara fram 30. apríl n. k. um allt land á ýmsum vörum sem nauðsynlegar eru til atvinnureksturs og framleiðslu í landinu.

Birgðaskýrslueyðublöð yfir þær vörur sem um er að ræða, hafa verið send öllum lögreglustjórum eða umboðsmönnum þeirra og þeim hverjum í sínu umdæmi falið að afhenda þau þeim aðilum, sem með vörurnar verzla, eða af öðrum ástæðum hafa þær með höndum.

Eigi síðar en 4. maí n. k. skulu eyðublöðin útfyllt send viðkomandi lögreglustjóra eða umboðsmönnum hans.

Í Reykjavík hafa birgðaskýrslueyðublöðin verið send hlutaðeigandi aðiljum í pósti og skulu þau afhent útfyllt til skömmtunarskrifstofu ríkisins innan þess frests, sem að framan segir.

Birgðakönnun nær til eftirtaldrá vörutegunda:

- | | | |
|-------------------|---------------------|---------------------------|
| Máis og maismjöl. | Virkaðlar. | Vatnsleiðslupípur. |
| Kartöflumjöl. | Salt. | Rafmagnsrör. |
| Sagógrjón. | Smurningsoliur. | Rafstrengir og raftaugar. |
| Hænsnafóður. | Kol. | Miðstöðvarofnar. |
| Ger og gerduft. | Sement. | Ljósaperur. |
| Sildarkrydd. | Rúðugler. | Síldartunnur. |
| Smjörlíkisoliur. | Stangajárn. | Efni í síldartunnur. |
| Manillahampur. | Steypustyrktarjárn. | Kjöttunnur. |
| Síalhapur. | Þakpappí. | Efni í kjöttunnur. |
| Netagarn. | Asbestplötur. | Blaðapappír. |
| Segldúkur. | Trjáviður. | Umbúðapappír. |
| Strigi (Hessian). | Pakjárn. | Prentpappír. |
| Kaðlar. | Saumur. | Sólaleður. |
| Fiskönglar. | Gaddavír. | Járn- og stálplötur. |

Ef einhver aðili, sem verzlar með ofangreindar vörur, eða hefir þær undir hendi af öðrum ástæðum, hefir ekki fengið birgðaskýrslueyðublöð send, ber honum að snúa sér til skrifstofu Viðskiptaráðs, er lætur honum þau í té.

VIÐSKIPTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ.

Húsgagnavinnustofa okkar



Sólvallagötu 20

Hefur síma 5102

Gunnar Kristmannsson.

Godtfred Haraldsson.

Stúlka

vönduð og ábyggileg, óskar að komast á gott heimili til hjálpar við létt störf. Tilboð endist afgr. Vísir fyrir 5. maí, merkt: „Hof“.

Varahjól

með dekki tapaðist s. l. sunnudag, líklegast milli Geitháls og bæjarins. Fundarlaun. A. v. á.

Teppafilt

Stærðir: 1.80×2.25 m. og 2.25×2.70 m.



Sími: 4891.

2 stúlkur

óskast í þvottahúsið Grýta h.f., Laufásvegi 9.

Getum útvegað gott herbergi.

Ekki svarað í síma.

Nýkomin fataefni

í fjölbreyttu úrvali.

Þórh. Friðfinnsson, Klæðskeri, Lækjargötu 6 A.

Sumarbústaður

Tilboð óskast í sumar- bústað að stærð 4×4 m., 1 herbergi og eldhús. Byggtur úr timbri, múrhúðaður að utan, á afgirtu landi. Tilboðum sé skilað til afgreiðslu blaðsins fyrir 1. maí 1943, merkt: „Sumarbústaður“. Réttur áskilinn að taka hvaða boði sem er eða hafna öllum.

Afgreiðsla eða verkstjórn

Hraustur og reglusamur maður, á fertugs aldri, þauvanur allskonar verzlunar- og afgreiðslustörfum — ennfremur verkstjórn — óskar strax eftir fastri atvinnu. Tilboð sendist afgr. Vísir fyrir 1. maí, merkt: „Fertugur, 14. júlí“.

TÓNLISTARFÉLAGIÐ.

Vegna fjölda áskorana verður

„Jóhannesarpassian“

flutt næstkomandi föstudag kl. 7 e. h. í frikirkjunni.

Síðasta sinn

Aðgöngumiðar hjá Eymundsson, Sigríði Helgadóttur og Hljóðfærahúsinu.

Þakka kærlega mér sjnda virðingu og vinsemd á 70 ára afmælinu.

Kristján Kristjánsson.

Stórt hús

við miðbæinn til sölu. 4ra herbergja íbúð laus 14. maí.

Ennfremur lítið hús í útjaðri bæjarins. Úppl. í síma 5198, klukkan 7—8.



Tvinna

HÖFUM VIÐ FYRIRLIGGJANDI Í FJÖLBREYTTU ÚRVALI.

Fr. Bertelsen & Co. h.f.

HAFNARHVOLI. SÍMAR: 1858 og 2872.

Fundarboð

Aðalfundur

Verzlunarráðs Íslands

verður haldinn í Kaupþingssalnum föstudaginn 28. maí. Fundurinn hefst kl. 14.

Dagskrá samkvæmt 12. grein félagslaganna.

STJÓRNIN.



Maðurinn minn, **Ágúst Sigurðsson prentari** andaðist að Elliheimilinu Grund, þriðjudaginn 27. apríl. Ingileif A. Sigurðsson.

Kveðjuathöfn vegna **Aðalsteins Sigmundssonar kennara** fer fram í frikirkjunni á morgun og hefst kl. 3 e. h. með bæn í Austurbæjarskólann. Fyrir hönd vandamanna, Þórður J. Pálsson.